

## GJALDSKRÁ

### fyrir katta- og hundahald í Blönduósbæ.

#### 1. gr.

Af hundum og köttum í Blönduósbæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Blönduósbæ, nr. 242/2004 og samþykkt um kattahald í Blönduósbæ, nr. 1121/2005.

#### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að upphæð kr. 3.100 ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna hunds að upphæð kr. 9.950 miðað við heilt ár. Við umsókn um skráningu kattar í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að upphæð kr. 3.100 ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna katta að upphæð 3.550 miðað við heilt ár. Leyfisgjaldið lækkar svo eftir því sem líður árið þegar kemur til fyrstu skráningar, gjaldið er í janúar-mars 100%, apríl-júní 75%, júlí-september 50% og október-desember 25%.

Leyfisgjald er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á katta- eða hundahaldi innan ársins.

#### 3. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu hunda er innifalin í gjaldi sem innheimt er samkvæmt 2. gr. Í þessu sambandi víast til e- og f-liða 2. gr. samþykktar um hundahald í Blönduósbæ nr. 242/2004, sem kveða á um skyldur hundeigenda til að hafa hunda sína ábyrgðartryggða og er tryggingin innfalin í gjaldinu enda sé það í skilum.

Árleg hundahreinsun er á ábyrgð eiganda og framkvæmd hennar í höndum hundaeiganda sem ber að snúa sér til dýralæknis sem annast hana á kostnað hundaeiganda.

#### 4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending	kr. 10.000
Önnur afhending	kr. 18.000
Priðja afhending	kr. 27.700
Við afhendingu hunds/kattar sem ekki er gilt leyfi fyrir	kr. 21.750

Að auki skal umráðamaður hunds/kattar greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds/kattar. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

#### 5. gr.

Gjalddagi leyfisgjalfa er 1. mars og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 6. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

#### 7. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Blönduósbæjar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Blönduósbæ nr. 242/2004 og samþykkt um kattahald í Blönduósbæ nr. 1121/2005, til að

Nr. 1343

19. desember 2018

öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1287/2017. Gjaldskráin var samþykkt í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra og staðfest á fundi sveitarstjórnar Blönduósbaðar.

*Blönduósi, 19. desember 2018.*

**Valdimar O. Hermannsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 16. janúar 2019